

Fundargerð

Miðvikudaginn 24. nóvember 2021 kl. 14:15 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir nr. 380, 381, 382 og 383 voru samþykktar.

2. Strandabyggð

Lögð var fram útkomuspá 2021 ásamt fjárhagsáætlun 2022-2025 eins og hún var lögð fram við fyrstu umræðu. Strandabyggð hefur gert samkomulag við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og er því undir eftirliti EFS. Í umræðu nefndarinnar kom fram að miðað við framlögð gögn þá er reksturinn á réttri leið og gripið hefur verið til nauðsynlegra hagræðingaraðgerða. Nefndin var sammála um að það þurfi að fylgjast áfram með sveitarfélaginu.

Fram kemur í samkomulaginu við ráðherra að EFS eigi að funda með sveitarstjórn þar sem framvinda samkomulagsins verður rædd. Ákveðið var að óska eftir fund með sveitarstjórn Strandabyggðar á næsta fundi EFS sem er þann 9. desember.

3. Önnur mál

Enginn önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar 9. desember nk.